

Umsögn um drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um sýslumann.

Mál nr. 122/2022. Birt í samráðsgátt stjórnvalda 13.07.2022

Sveitarstjórn Rangárþings eystra gerir eftirfarandi athugasemdir við þau áform/þær breytingar sem koma fram í ofangreindu frumvarpi:

1. Sveitarstjórn Rangárþings eystra gerir athugasemd við tímasetningu birtingar á drögum að frumvarpi til laga um sýslumann og við tímafrest sem gefinn er til athugasemda. Drögin að frumvarpinu birtust í Samráðsgátt stjórnvalda þann 13. júlí 2022 sl. og var umsagnarfræstur upphaflega til 31. júlí 2022, en síðar framlengdur til 15. ágúst nk. Þessi tímasetning hentar mjög illa ef litið er til þess að um er að ræða aðalorlofstíma ársins og starfsfólk og bæjarstjórnir flestra sveitarfélaga í sumarfríi.
2. Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins og mun það vera óbreytt skv. nýju drögum. Það er mikilvægt að þessi þjónusta sé í boði sem víðast á landsbyggðinni í þágu borgaranna.

Sýslumenn starfa m.a. í mjög viðkvæmum málaflokkum og er verið að veita ýmsa persónulega þjónustu, og er því oft þörf á persónulegu samtali við starfsfólk sýslumanna. Borgarar þurfa því að hafa gott aðgengi að faglærðum aðilum á þessu sviði.

Reynslan hefur sýnt að mikill akstur milli starfstöðva hefur mjög neikvæð áhrif á ánægju starfsmanna og er mjög dýr, það er því ráðlagt að hafa löglærða fulltrúa á sem flestum starfsstöðvum og svæðin ekki of stór.

Eftir sameiningu sýslumannsembætta með lögum nr. 50/2014 var þegar dregið tilfinnanlega úr þjónustu í Rangárvallasýslu og hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra nú áhyggjur af því að aðgengi íbúa okkar að þjónustunni muni enn versna.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru engar tryggingar fyrir áframhaldandi starfsemi til lengri tíma, aðeins lágmarkslýsing, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að landið sé eitt umdæmi og starfsemi, án þess að henni sé lýst nánar verði á tilteknum stöðum um landið, m.a. á Hvolsvelli.

3. Jafnframt er um að ræða góð störf fyrir metnaðarfulla og menntaða einstaklinga.

Í Rangárþingi eystra er ein af fjórum starfsstöðum Sýslumannsins á Suðurlandi og starfar þar að jafnaði einn löglærður fulltrúi, en fyrir sameiningu embætta var um að ræða tvo lögfræðinga, þ.e. sýslumann og löglærðan fulltrúa.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur áhyggjur af því að með frekari miðstýringu verði dregið úr vægi hverrar rekstrareiningar og faglærðu starfsfólki (lögfræðingum) fækkað.

Eins og mörg önnur smærri sveitarfélög er Rangárþing eystra láglaunasvæði og er því hvert starf fyrir háskólamenntaða einstaklinga mikilvægt til að viðhalda fjölbreytileika í samfélaginu.

Það stendur víst til að segja upp öllu starfsfólki sýslumanna á landinu, en bjóða því störf aftur. Í frumvarpinu er ekki skilgreint hvaða störfum sýslumannsembætti eigi að sinna né hvernig þeim verði dreift á starfsstöðvarnar. Uppbygging nýja embættisins mun því ráðast aðallega af þeim fjármunum sem það fær úthlutað. Störfin á starfsstöðvum sýslumannsembættum um landið allt verða þannig í fullkominni óvissu.

Hér er því um að ræða risastórt hagsmunamál fyrir landsbyggðina, enda fyrirsjáanlegt að lögfræðingum geti fækkað á landsbyggðinni. Þróun í stafrænum lausnum og fjarvinnu á síðustu árum gerir það að verkum að nú er auðvelt að sinna ýmsum verkefnum hvar á landinu sem er. Miklu skiptir fyrir byggðapróun í landinu að verkefni ríkisins safnist ekki fyrir á höfuðborgarsvæðinu, heldur verði leitast við að koma þeim fyrir sem víðast um land, þannig að fjölbreytt störf verði í boði í öllum landshlutum.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra leggur sérstaka áherslu á að staðið verði vörð um sérfræðistörf á landsbyggðinni.

4. Í frumvarpinu felast stórar breytingar á skipulagi framkvæmdavalds sem sýslumenn fara með. Með þessum aðgerðum á að bæta þjónustu og fjölga verkefnum á landsbyggðinni. Sveitarstjórn Rangárþings eystra fagnar þessum markmiðum, en ekki verður séð að fyrirhugaðar kerfisbreytingar séu nauðsynlegar til að ná þeim.

Í breytilegu og framsæknu samfélagi eru stafrænar lausnir á oddinum, sem gerir borgurum þannig kleift að nálgast þjónustu með rafrænum hætti og starfsmönnum að vinna án staðsetningar.

Þessi stafræna þróun er þegar í gangi og hafa sýslumannsembættin á undanförunum árum ekki einungis leyst öll verkefni sem hafa verið flutt til þeirra með sóma innan núverandi fyrirkomulags heldur hafa þau jafnvel oftast en einu sinni fengið verðlaun fyrir innleiðingu á starfrænni þjónustu. Það er því ljóst að ekki er þörf á miðstýringu til að ná fram nútímavæðingu.

5. Sveitarstjórn Rangárþings eystra fagnar þeim áformum að fjölga opinberum verkefnum í landsbyggðunum, efla núverandi starfsemi sýslumannsembættum og styrkja starfsstöðvarnar. Hins vegar er í fyrirliggjandi frumvarpi hvergi minnst á hvernig eigi að ná þeim markmiðum.

Benda má á þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, aðgerð A.8. *Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði*, en þá er lögð áhersla á að opinber þjónusta í héraði verði eflað, atvinnutækifærum fjölgað og ríkisrekstur bættur. Í verkefnislýsingu kemur fram að starfsemi sýslumannsembættum um land allt og opinber

þjónusta í héraði verði eflað með betri nýtingu innviða, þ.m.t. stafrænnar tækni, húsnæðis og mannauðs.

Með vísan til ofangreindra athugasemda telur sveitarstjórn Rangárbings eystra óljóst hvort fyrirbyggjandi frumvarp samræmist markmiðum þingsályktunarinnar.

Í samandregnu máli þá fagnar sveitarstjórn Rangárbings eystra því að ráðherra vilji bæta þjónustu og efla starfsstöðvar sýslumanna á landsbyggðinni, en í fyrirbyggjandi frumvarpi er ekki tekið fram með hvaða aðgerðum verði stefnt að þessum markmiðum. Þvert á móti, þá snúast allar breytingar að því að hagræða, og veldur hagræðing að jafnaði skerðingu á þjónustu og fækkun starfsfólks.

Sveitarstjórn Rangárbings eystra mælir því á móti áformuðum breytingum og kallar eftir betra samtali við sveitarfélög, landshlutasamtök og aðrar stofnanir og einingar sem eiga hagsmuni að gæta. Frumvarpið eitt og sér er til þess fallið að hafa mjög neikvæð áhrif á landsbyggðina, en skipulagsbreyting af þeirri stærðargráðu kallar á breytingar á fleiri sviðum til að tryggja það að jákvæðu áhrifin vegi þyngra en þau neikvæðu.

Sveitarstjórn Rangárbings eystra leggur til að dómsmálaráðherra falli frá áformum um að leggja fram frumvarp til laga um sýslumann á þessum tímapunkti og hefji eðlilegt samráð við hlutaðeigandi aðila um framtíðarsýn fyrir sýslumannsembættin í landinu.

F.h. sveitarstórnar Rangárbings eystra

Anton Kári Halldórsson

Sveitarstjóri